**Bekkur**: 8.bekkur

**Námsgrein**: Enska

**Kennarar**: Marc Portal

**Tímafjöldi**: 4 tími á viku

**Námsgögn:**

- Spotlight 8 Student's Book + Workbook
- Ný Ensk Málfræði
- BBC
- Samræmd próf
- Skólavefurinn.is
- Bits and Pieces

**Lykilhæfni:** Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

**Menningarlæsi:** tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.

**Námshæfni:** tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit

| **Efnisþættir** | **Hæfniviðmið** | **Kennsluhættir** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|
| Hlustun | Nemandi geti:<br><br>- Tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg<br><br>-Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans<br><br>-Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr (e.g., fréttir/BBC…)<br><br>-Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og tekur tillit til þess | • Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu | • Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á |
| Lesskilningur | Nemandi geti:<br><br>-Lesið sér til gagns almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða<br><br>-Valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum | • Lestur í lestextum/heftum og verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum<br>• Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning | • Lesskilningspróf/kannanir |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | -Lesið sér til gagns smásögur og skáldsögur og myndað sér skoðanir á efni þeirra<br><br>-Fundið lykilupplýsingar fyrir ungt fólk í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu | • Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni | |
| Ritun<br>-málnotkun<br>-málfræði | Nemandi geti:<br><br>-Skrifað lipran samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á og beitt grunnreglum málfræði (m.a. tíðir, þolmynd, skilyrðisetningar, forsetningar…)<br><br>-Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega (m.a. útdráttur, fréttir, smásögur…)<br><br>-Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu<br><br>-Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekking<br><br>-Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, | • Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni, bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni | • Skil á ritunarverkefnum.<br>• Hefti/glósubók skoðuð reglulega |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit | | |
| Frásögn og samskipti | Nemandi geti:<br><br>-Sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni og beitir nokkuð réttu máli úr daglegu máli<br><br>-Tekið þátt í skoðanaskiptum  og beitt viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum<br><br>-Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir<br><br>-Sýnt fram á að hann þekkirvel  til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum<br><br>-Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma | • Nemendur tjá sig munnlega á einfaldan hátt bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni<br>• Nemendur tekur virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýnir tillitsemi | • Skil á kynningarverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum |